



TOLLSTJÓRI

14060089

PP

11.09.2014

Forsætisráðuneytið
Skúli Sveinsson
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík


Reykjavík, 2. september 2014

Málefni: Svar við fyrirspurn formanns vinnuhóps sem skipaður hefur verið af forsætisráðherra til að fara yfir lög, reglur og stjórnsýslu mikilvægra eftirlitsstofnana.

Embætti tollstjóra hefur móttengið erindi formanns vinnuhóps sem forsætisráðherra hefur skipað til að fara yfir lög, reglur og stjórnsýslu mikilvægra eftirlitsstofnana og meta hvernig viðmið um vandað regluverk og stjórnsýslu eru uppfyllt. Erindið er dagsett 20. ágúst 2014 og er óskað eftir að því verði svarað fyrir 5. september 2014. Í erindinu kemur m.a. fram að hópnum er ætlað að taka mið af stefnuyfirlýsingu og aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið og hafa samráð við ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur, hlutaðeigandi stjórnvöld og þau ráðuneyti sem fara með viðkomandi málaflokk auk hagsmunaaðila eftir því sem hópurnir telur þörf á. Í erindinu er tiltekið að verkefni vinnuhópsins hafi verið skipt í þrjú hluta og að hann hafi þegar hafið störf við fyrsta hluta verkefnisins sem er að móta viðmið um meðferð mála hjá eftirlitsstofnunum. Fram kemur að í því sambandi verði tekið mið af leiðbeiningum OECD sem m.a. er að finna í skýrslum stofnunarinnar „The Governance of Regulators and Regulatory Enforcement and Inspections“ Í bréfinu er óskað eftir álitni embættisins á því að hve miklu leyti unnið sé eftir þessum viðmiðum og hvort þau séu talin henta sem leiðbeiningar. Þá er óskað eftir ábendingum um hvernig bæta megi eftirlitsstarfsemi hjá embættinu, þ.á.m. hvort þær reglur sem það starfar eftir séu við hæfi.

Embætti tollstjóra vill taka undir mikilvægi þess að stefna ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk fyrir atvinnulífið nái fram að ganga. M.a. vegna þessa hefur embætti tollstjóra á undangengnum misserum unnið að stefnumótun fyrir embættið fram til ársins 2020 þar sem áhersla er lögð á að innheimta opinberra gjalda og framkvæmd tollamála verði árangursrík, einföld og hagkvæm. Í þessu sambandi verður lögð áhersla á einföldun ferla, rafræna stjórnsýslu og eina þjónustugátt fyrir öll samskipti við embættið.

Rétt er að embætti tollstjóra gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki en embættið sinnir auk þess viðamiklu þjónustuhlutverki. Kjarnastarfsemi tollstjóra er á sviði innheimtu- og tollamála. Tollstjóri hefur með höndum tollframkvæmd í landinu ásamt innheimtu opinberra gjalda. Á þessu sviði sinnir tollstjóri víðtæku þjónustuhlutverki gagnvart samfélaginu. Stefna tollstjóra er að vera framsækin



ríkisstofnun sem er þekkt fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs, veita góða og skilvirka þjónustu og hlúa að mannauði sínum.


Að því er varðar viðmið og leiðbeiningar OECD sem vísað er til í erindi vinnuhópsins telur embættið að hvoru tveggja geti, sem almennar reglur, vel átt við um starfsemi embættisins. Í dag má segja að unnið sé að miklu leyti í samræmi við þau sjónarmið sem koma fram í ofangreindum viðmiðum og leiðbeiningum OECD. Auk þessa má benda á að Alþjóðatollastofnunin (WCO) hefur sett viðmið um bestu framkvæmd í tollamálum sem embættið starfar samkvæmt eftir því sem við á. Þar má helst nefna Kyoto samninginn sem fjallar um einföldun og samræmingu í tollframkvæmd á heimsvísu. Tollstjóri hefur lagt til að Ísland fullgildi þennan samning. Þá má auk þess benda á viðmið Alþjóðatollastofnunarinnar varðandi jafnvægi á milli einföldun viðskipa og eftirlits (SAFE Framework of Standards). Í þessu sambandi má jafnframt vekja athygli á regluverki Alþjóðatollastofnunarinnar varðandi viðurkennda rekstaraðila (AEO) og eina þjónustugátt (Single Window). Að lokum er rétt að vekja athygli á að á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) var í desember 2013 gengið frá alþjóðasamningi um einföldun viðskipta (Agreement on Trade Facilitation). Embættið er að yfirfara þennan samning m.t.t. þess hvort rétt sé að Ísland gerist aðili að þessum samningi. Samningurinn leggur m.a. þær kröfur á samningsríki að regluverk varðandi inn- og útflutning verði sem einfaldast og skilvirkast, auk þess að innleiða AEO og eina þjónustu gátt.

Að því er varðar breytingar sem gætu orðið til þess að bæta árangur í starfi embættisins varðandi eftirlit er helst að nefna heimildir til að fá aðgang að og nýta upplýsingar sem aðrar stofnanir ríkisins búa yfir t.d. lögregluþjónustur og skattþjónustur.

Embættið vill vekja athygli á að nefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins skilaði í desember 2013 skýrslu um athugun á stjórnsýslu skattamála m.t.t. réttaröryggis, jafnræðis og skilvirkni þar sem finna má upplýsingar sem gagnast gætu starfshópnum.

Embættið er reiðubúið til samstarfs varðandi vinnu hópsins og að veita allar frekari upplýsingar sem leitað kann að verða eftir.

Virðingarfyllst,



Snorri Olsen
tollstjóri